

Fundargerð 239. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 8. september 2020
Fundartími: 9:30 – 12:10
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Rósa Matthíasdóttir
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Ólafur Wernersson undir lið nr. 2
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætast Önnur mál: a) Fasteignasvið tillaga að skipulagsbreytingum. B) Erindi frá velferðarteymi Flóaskóla – Heilsueflandi samfélag. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 200, dags. 26.08.2020

a) Skúflækur 4 L229831; Meistaravellir; Breyting á heiti lóðar – 2008024

Lögð er fram umsókn frá Bergdísí Finnbogadóttir og Árna Guðmundssyni er varðar breytingu á heiti (staðfangi) lóðar L229831, Skúflæk IV. Í breytingunni felst að staðfang lóðarinnar breytist úr Skúflæk IV í Meistaravelli.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytt staðfang lóðarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni eigenda Skúflækjar IV L229831 um að heiti lóðarinnar, Skúflækur IV verði breytt í Meistaravellir. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20 – 125 – 2008001F dags. 13.08.2020

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst 2020.

2. Orkugerðin – Innlegg frá framkvæmdastjóra vegna lóðaumsóknar

Ólafur Wernersson framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar mætti til fundarins og fór yfir framtíðaráætlanir fyrirtækisins í tengslum við umsókn fyrirtækisins um lóðina Heiðargerði 3. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn Orkugerðarinnar um lóðina Heiðargerði 3 til 10 ára og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðarleigusamningi. Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Erindi frá Rósu Matthíasdóttur og Sigurði Inga Sigurðssyni – gjalddagar fasteignagjalda sérstök úrræði vegna Covid – 19

Rósa Matthíasdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvort ferðaþjónustubændum hafi verið boðið upp á að framlengja gjalddaga fasteignaskatts umfram þessa þrjá sem í boði hafa verið vegna Covid 19.

Álagning fasteignaskatts fer skv. ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr.

4/1995. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laganna þá ákveður sveitarstjórn fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs og samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu laga er eindagi fasteignaskatts þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Álagning fasteignaskatts og ákvörðun um gjalddaga fyrir árið 2020 lá fyrir í upphafi árs 2020 skv. fyrrgreindum ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga. Breyting á gjalddögum fasteignaskatts gat því aðeins komið til með nýrri lagaheimild og var sú lagaheimild afgreidd frá Alþingi þann 31. mars s.l.

Samkvæmt lögum nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru var veitt heimild til bráðabirgða fyrir gjaldendur fasteignaskatta skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020 skv. ákveðnum skilyrðum. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til er 15. janúar 2021. Það er því ekki lagaheimild til þess að fresta gjalddögum fasteignaskatts umfram þessa þrjá gjalddaga, að svo stöddu. Í framangreindum lögum nr. 25/2020 er þó heimild til þess að veita gjaldanda sem sem frestað hefur greiðslum skv. fyrrgreindu og orðið hefur fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, heimild til aukins frests og dreifingu greiðslnanna sem frestað hefur verið fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr., að uppfylltum skilyrðum, fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021.

Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal gjaldandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021. Beiðninni þarf að fylgja afrit af staðfestum gögnum RSK sem sýna fram á umtalsvert tekjufall milli árána 2019 og 2020.

Annað skilyrði fyrir auknum fresti samkvæmt lögum nr. 25/2020 er að rekstraraðili hafi ekki verið í vanskilum við sveitarfélagið Flóahrepp 1. janúar 2020.

Afstaða til innsendra umsókna um frekari framlengingu, verður tekin að loknum umsóknarfresti 15. janúar 2021.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

4. Betri vinnutími – styttri vinnuvika

Lögð fram gögn frá innleiðingarhópi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi styttingu vinnuvikunnar. Nýtt fyrirkomulag á að tekur gildi í síðasta lagi 1. janúar 2021 og þarf staðfesting sveitarstjórnar á fyrirkomulagi styttingar í hverri stofnun fyrir sig að liggja fyrir fyrir áður. Sveitarstjórn Flóahrepps felur stjórnendum grunn- og leikskóla að koma með tillögu að breyttu fyrirkomulagi innan grunn- og leikskóla og sveitarstjóra fyrir skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. október 2020. Hafa þarf í huga að upphaflegt markmið styttingar vinnuviku er að auka framleiðni unninna vinnustunda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Frá umboðsmanni barna – hlutverk og tilgangur ungmennaráða

Lagt fram erindi frá umboðsmanni barna þar sem sveitarfélög eru minnt á hlutverk ungmennaráða og mikilvægi þeirra til þess að raddir barna komi fram. Bent er á að aldurssamsetning ungmennaráðs þarf að taka mið af því að raddir barna undir 18 ára aldri komi fram.

Lagt fram til kynningar

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu – samstarfssamningar sveitarfélaga ábendingar

Lagt fram erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem farið er fyrir athugasemdir sem gerðar hafa verið við stofn- og samstarfssamninga Flóahrepps og samstarfssveitarfélaga í Árnassýslu og á Suðurlandi. Ráðuneytið óskar eftir því að sveitarfélögin yfirfari umrædda samninga og sendi upplýsingar um viðbrögð við ábendingum.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til viðkomandi stjórna samstarfsverkefna, byggðasamlinga og umsjónarsveitarfélaga til frekari úrvinnslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Aflinu – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá Aflinu á Akureyri, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi þar sem farið er fram á stuðning vegna verkefnisins

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Frá sýslumanninum á Suðurlandi:

a) Beiðni um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps vegna rekstrarleyfis – Urriðafoss

Lagt fram erindi frá sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna umsóknar Haraldar Einarssonar f.h. Apartments ehf á Urriðafossi um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umbeðið leyfi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Beiðni um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps vegna rekstrarleyfis – Vatnsholt 1

Lagt fram erindi frá sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna umsóknar Erlings Péturssonar Vatnsholti 1 um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umbeðið leyfi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps - undirbúningur fjárhagsáætlanagerðar

Lagðar fram til kynningar upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps dags. 7. september 2020.

Vinna við fjárhagsáætlanagerð er hafin og vinnufundir á dagskrá sveitarstjórnar í september og október.

10. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

11. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 238, dags. 19.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Oddvitanefndar UTU dags. 28.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnar UTU nr. 78, dags. 12.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar UTU nr. 79, dags. 26.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr.206, dags. 18.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar SOS nr. 295, dags. 31.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 886, dags. 28.08.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Efni til kynningar:

- a) Bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- b) Áfengi og Covid – 19
- c) Greining KPMG frá maí 2020 á opinberu eftirliti – unnið á grundvelli samnings við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- d) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 6. október klukkan 9:30 í Þingborg.

13. Önnur mál:

a) Fasteignasvið Flóahrepps – tillaga að breytingum á skipulagi

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur til að starf húsvarðar í Flóaskóla, starf húsvarðar í Félagslundi ásamt starfi við afleysingar í Þingborg verði sameinuð og auglýst verði eftir starfsmanni á fasteignasvið í allt að 100 % starf. Næsti yfirmaður verði skólastjóri Flóaskóla á tilteknum starfstíma þar. Næsti yfirmaður við önnur störf verði umsjónarmaður fasteigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Erindi frá Velferðarteymi Flóaskóla.

Í erindinu er sveitarstjórn hvött til þess að gera Flóahrepp að heilsuefandi samfélagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til vinnu við innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna og vinnu við skólastefnu Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)